

Lög

um

mat á saltkjöti til útflutnings.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Alt saltkjöt, sem flutt er hjeðan af landi, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna. Slátrun skal fara fram í þrifalegum húsakynnum og svo rúmgóðum, að kjötið geti kólnað nægilega fljótt og skemdalaust. Slátrunin skal vera þrifaleg og kjötið hreint og óskemt. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, sömuleiðis hin ákveðna þyngd í hverri tunnu, söltun og þæklun kjötsins og merking tunnauna, alt eftir reglum, sem stjórnarráðið setur. Kjötið skal látið einungis í hreinar, sterkar, þjettar og vel bentar tunnur; því sje haldið vel við með þæklun, og tunnum skilað óskemdum, þækilfyltum og hreinlegum, við skipshlið til útflutnings.

2. gr.

Læknisskoðun og stimplun skal fara fram á öllu saltkjöti, sem til útflutnings er ætlað, áður en söltun fer fram, samkvæmt lögum um merking á kjöti, nr. 7, 13. sept. 1912.

Nú reynist ókleift að fá hæfan lækni til stimplunar á einhverjum slátrunarstað, og getur þá stjórnarráðið veitt undanþágu frá stimpluninni fyrir eitt ár í senn, en ætið skulu þær tunnur, sem óstimplað kjöt er saltað í, merktar sjerstöku merki, og setur stjórnarráðið nánari reglur um það.

Læknir getur neitað að stimpla það kjöt, sem hann telur eigi hæft til útflutnings sökum megurðar, óhreininda og þess, að illa hefir verið flegið, eða annara skemda.

3. gr.

Hverri kjötsendingu skal fylgja vottorð kjötmatsmanns um, að kjötið sje metið af honum og flokkað og að öllu leyti með farið eftir hinum fyrirskipuðu reglum. Vottorð þetta, eða samrit af því, skal ritað á farmskirteini kjötsins, þá er það er flutt burt. Skal sýslumaður, eða hreppstjóri, hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaður kjötmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi kjötsins eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

Hverri kjötsendingu skal jafnframt og á sama hátt fylgja vottorð frá lækni þeim, sem skoðað hefir kjötið samkvæmt 2. gr.

4. gr.

10. sept.

Hverja tunnu skal merkja á efra botn, eða báða botna, varanlegum og glöggum merkjum, bæði einkamerki hvers útflytjanda og tegundar- og flokksmerkjum kjötsins. Stjórnarráðið segir fyrir um, hvernig merkjum þessum skuli að öðru leyti háttáð.

5. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsmenn á kjötinu. Skulu þeir sýna ábyggileg vottorð um það, að þeir hafi aflað sjer þekkingar og æfingar á slátrunarstörfum í reglulegu slátruhúsi, enn fremur í meðferð kjöts og niðursöltun. Þeir mega enga þóknun þiggja, hverju nafni sem nefnist, hjá neinum þeim, sem kjöt er metið fyrir, heldur ekki hjá skipstjórum á útflutningsskipum nje öðrum, sem við útflutning kjötsins eru riðnir. Ekki mega þeir heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda nje neins konar milligöngu í því efni, er þeir hafi hagnað af.

Yfirmatsmenn þessir skulu vera 5 fyrir alt landið, og ákveður stjórnarráðið umdæmi þeirra hvers um sig. Árleg laun þeirra skulu vera 600 krónur, auk ferðakostnaðar, eftir saunngjörnum reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Hvorttveggja þetta, svo og annar kostnaður, er fíjóta kann af yfirmati kjötsins, greiðist úr landssjóði.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað, þar sem fje er slátrað til útflutnings. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögu yfirmatsmanna kjötsins í því umdæmi og forstöðumanna slátruhúsa eða sláturfjelaga.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt erindisbrjefi. Skyllt er þeim að vinna að niðursöltun kjötsins, eða öðru er að henni lýtur, svo sem kringumstæður leyfa vegna eftirlits þeirra að öðru leyti.

Kaup kjötmatsmanna á hverjum stað ákveða yfirmatsmenn í samráði við forstöðumenn slátruhúsa eða hlutaðeigandi verslanir, og greiðir útflytjandi kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukapóknun eða hlunnindi af þeim, er þeir meta hjá, eða riðnir eru við útflutning kjötsins, nje vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

7. gr.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef fyrir undirmatsmenn og setur þar nánari yfirmæli um flokkun og mat kjötsins, um söltun þess og þæklun, um merking þess, um eftirlit með geymslu þess og útskipun, svo og um aðrar skyldur þeirra.

8. gr.

Kjötmatsmenn og yfirmatsmenn á kjöti skulu áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparvottorð um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, er settar eru um það. Stjórnarráðið stilar þeim heitið.

Nr. 15

10. sept

9. gr.

Yfirmatsmenn á kjöti skulu ferðast um umdæmi sitt árlega, helst á tímabilinu frá 1. september til 31. október, og koma á hvern stað, þar sem fje er slátrað til útlutnings. Þeir skulu lita eftir húsum þeim, sem höfð eru til slátrunar, kjötgeymslu og niðursöltunar, og finna að því við hlutadeigendur, sem þeim þykir ábótavant í þessum efnum. Nú er á einhverjum stað eigi kleift að reka sláturfje til slátruhúss, og getur stjórnarráðið þá veitt undanþágu fyrir 1 ár í senn; til þess að slátra megi fjenu úti á góðum blóðvelli með þeim skilyrðum, er yfirmatsmaður setur, til þess að kjötið verði eigi fyrir neinum skemdum, en sje hreint og vel verkað.

Yfirmatsmenn skulu lita eftir því, að á hverjum stað sju hæfir menn til sláturstarfa og kjötsöltunar, svo og til kjöt matsins. Þeir skulu hvarvetna leiðbeina um slátrun og kjötmedferð alla og leitast við að koma á sem fylstu samræmi í medferð og frágangi vörunnar, miðað við það, þar sem þetta er best á veg komið. Yfirmatsmenn fá 3 krónur í dagpeninga fyrir þá daga, sem þeir eru á ferðalagi í framantöldum erindum, og telst það með ferðakostnaði.

Stjórnarráðið getur kvatt yfirmatsmenn saltkjötsins til fundar í Reykjavík á þeim tíma, er því kemur saman um við þá, til þess að bera sig saman um hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum og koma sem bestu samræmi á kjötmatið og önnur störf kjötmatsmanna, en fremur til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um reglur þær, er hún setur um mat og medferð kjötsins, eða um breytingar á þeim reglum, sem í gildi eru.

Kaup fyrir þá daga, sem yfirmatsmenn eyða til funda þessara frá heimili sínu, greiðist úr landssjóði eftir samkomulagi við stjórnarráðið, en um ferðakostnaðinn fer samkvæmt 5. gr.

10. gr.

Sá, sem flytur út, eða lætur flytja út, kjöt til sölu á útlendum markaði án þess að gæta fyrir mæla laga þessara um mat, flokkun og merking þess, sæti 1000—3000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af þessum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna og yfirkjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutadeigendur sjer að hegða.

Gefið á Skagen, 10. september 1919

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R

(L. S.)

Sigurður Jónsson.